



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni: *Tillaga fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um breytingu á útreikningi sérstaks húsnæðisstuðnings*

Þann 12. desember 2018 lagði fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um breytingu á útreikningi sérstaks húsnæðisstuðnings:

Lagt er til að reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði breytt þannig að stuðningurinn byrji ekki að skerðast nema þegar húsnæðiskostnaður er undir 25% af ráðstöfunartekjum viðkomandi. Þá er einnig lagt til að þær breytingar hafi ekki neikvæð áhrif á þá sem mögulega greiða nú þegar undir 25% af ráðstöfunartekjum í húsnæðiskostnað.

Umsögn:

Í greinargerð með tillögu kemur fram að mikilvægt sé að sérstakur húsnæðisstuðningur verði reiknaður með því móti að hann fylli upp í það sem á vantar svo að húsnæðiskostnaður verði aldrei hærri en 25% af ráðstöfunartekjum heimilisins. Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna. Gildandi reglur um sérstakan húsnæðisstuðning mæla fyrir um að umsækjandi þurfi að uppfylla skilyrði um greiðslu húsnæðisbóta. Sérstakur húsnæðisstuðningur er þannig ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum, auk þess sem tekjur geta komið til lækkunar fjárhæðar sérstaks húsnæðisstuðnings. Ennfremur er þak á hámarksfjárhæð samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings.

Til að meta kostnaðinn við ofangreinda útfærslu var marsmánuður 2021 tekinn til viðmiðunar. Alls voru 3.575 einstaklingar sem fengu greiddan sérstakan húsnæðisstuðning þann mánuðinn. Metnar voru ráðstöfunartekjur þeirra sem fengu

greiddar húsnæðisbætur eða sérstakan húsnæðisstuðning. Þar sem ekki lá fyrir hversu margir á hverju heimili öfluðu tekna þurfti að meta það með ákveðinni aðferðafræði sem lýst er hér fyrir neðan. Fjárhæðir í reglum um fjárhagsaðstoð voru notaðar til viðmiðunar í því samhengi, sbr. töflu 1.

Fjöldi í heimili	Fjöldi með persónuafslátt	Viðmiðunartekjur í kr.
1 einstaklingur	1	0 - 340.320
2 einstaklingar	2	340.320 - 446.666
3 einstaklingar	3	446.666 - 553.012
4 og fleiri	4	553.012 og hærri

Fjárhagsaðstoð til hjóna eða fólks í sambúð getur numið allt að 340.320 kr. á mánuði og því er miðað við að einn einstaklingur afli tekna á heimili allt upp að þeirri fjárhæð en tveir einstaklingar séu tekjurnar orðnar hærri en sem því nemur. Ennfremur kveða reglur um fjárhagsaðstoð á um að grunnfjárhæð einstaklings sem býr hjá foreldrum sé 106.346 kr. og því er miðað við þrjá tekjuaflandi einstaklinga á heimili við 446.666 kr. og ofar (340.320 + 106.346). Á sama hátt er miðað við að einn tekjuaflandi einstaklingur bætist við mörkin 553.012 kr. (446.666 + 106.346).

Með þessari aðferðafræði er hætta á ofmati á fjölda þeirra sem fá persónuafslátt og þar með hærri ráðstöfunartekjum. Það aftur leiðir til þess að fjöldi þeirra sem eiga rétt á viðbótarstyrk samkvæmt tillögum er lægri en ella, þ.e. kostnaður við tillöguna gæti verið vanmetinn að einhverju leyti.

Útreikningur leiðir í ljós að alls 1.690 einstaklingar ættu rétt á viðbótarhúsnæðisstuðningi miðað við ofangreindar forsendur og kostnaður við hann næmi 68,2 m.kr. í þeim eina mánuði sem er til viðmiðunar. Það gera rúmar 818 m.kr. á ársgrundvelli. Til samanburðar fær sami hópur 64,8 m.kr. í húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning að andvirði 55,3 m.kr. á sama tímabili. Kostnaður Reykjavíkurborgar við sérstakan húsnæðisstuðning myndi því hækka um rúmlega 123%.

Þá þarf einnig að gæta að því að í tillögum er ekkert hámark á þeirri fjárhæð sem hægt er að fá í sérstakan húsnæðisstuðning, umsækjandi á rétt á styrk svo framarlega sem húsnæðiskostnaður viðkomandi er yfir 25% af ráðstöfunartekjum. Ennfremur þarf að taka mið af því að sérstakur húsnæðisstuðningur er oftast greiddur beint til leigusala og þessi tillaga gæti leitt til hækkingar leigu á leigumarkaði þar sem hækking greiðslubyrði yrði borin af sveitarfélaginu. Að lokum þarf að geta þess að þessi stuðningur getur numið yfir 200.000 kr. hjá einstaka einstaklingum en það gæti leitt til skerðingar t.a.m. örorkubóta hjá einhverjum.

Þann 9. febrúar 2021 staðfesti borgarráð samþykkt velferðarráðs frá 20. janúar um hækkingu tekju- og eignaviðmiða vegna sérstaks húsnæðisstuðnings í samræmi við viðmiðunarfjárhæðir í leiðbeiningum félags- og barnamálaráðherra til sveitarfélaga, sbr. reglugerð 1341/2020 vegna breytinga á reglugerð nr. 1200/2016. Jafnframt var samþykkt að hækka fyrrgreind tekjumörk um 8% umfram tekjumörk í leiðbeiningum til sveitarfélaga vegna sérstaks húsnæðisstuðnings til jafns við hækkingu ríkisins.